

**Efni: Umsögn um áform um breytingar á lagaumhverfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

Mál nr. 211/2022

Hreppsnefnd Skorradalshrepps vill koma á framfæri umsögn vegna breytinga á lagaumhverfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Skorradalshreppur gerir alvarlegar athugasemdir við að sjóðurinn styðji betur við bakið á milli stórum sveitarfélögum með flóknar útgjaldaþarfir og minnum á að hlutverk Jöfnunarsjóðs samkvæmt 8.gr. laga nr. 4/1995 er að jafna mismunandi útgjaldaþarfir og skatttekjur sveitarfélaga. Ekki má ganga á rétt minni sveitarfélaga vegna stærðar.

Við sjáum ekki að ástæða sé að breyta fyrri reglum. Þær eru skýrar um að jafna útgjöld og skatttekjur. Hins vegar er það ljóst að það vantar aukið fjármagn inn í sjóðinn til að tryggja sjálfbærni sveitarfélaga.

Ef breyta á reglum og markmiðum Jöfnunarsjóðs þarf að greina betur vandann, ekki síst í samráði við minni sveitarfélög sem ekki hafa náð samningum um sameiningu.

Jón Eiríkur Einarsson  
Oddviti Skorradalshrepps